

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 9-2025

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 23. september 2025 kl. 13:15

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Birgir Þór Haraldsson, Haukur Þórðarson, Isabel C. Barrio, Þórunn Jónsdóttir og Ingiberg Daði Kjartansson

Forföll: Fertram Sigurjónsson, Bragi Geir Bjarnason, Jóhanna Gísladóttir og Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Auður Lilja Arnþórsdóttir var gestur fundarins undir lið 1 og Unnsteinn Snorri Snorrason var gestur fundarins undir lið 4.

Fundur settur 13:15.

1. Dýralæknanam - Auður Lilja Arnþórsdóttir greinir frá

Auður Lilja Arnþórsdóttir var ráðin sem verkefnisstjóri til að undirbúa nám í dýralækningum í samstarfi við Lífvísindaháskólann í Varsjá (SGGW). Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið styrkir verkefnið og að því koma einnig Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. SGGW hefur 16.000 nemendur og þar af eru um 1.300 í námi í dýralækningum, sem er kennt bæði á pólsku og svo er boðið upp á alþjóðlegt nám á ensku. Auður Lilja hefur nýlega heimsótt SGGW og rætt um inntökuskilyrði, hvernig gráðan yrði veitt sameiginlega frá skólunum, skólagjöld í Póllandi sem eru um 10.000 EUR/ár og annað er við kemur samstarfinu. Nú eru um sex árlega sem sækja um leyfi sem dýralæknir hérlandis. Mikill áhugi er á náminu og gert er ráð fyrir að um 10-15 manns myndu sækja um til að byrja með. Unnt er að samnýta flest námskeið með búvísindanáminu á fyrsta ári, en á öðru ári þarf að byggja upp fög í anatómíu og fleiri fögum og jafnvel kenna verklega hluta í Póllandi t.d. í tvær vikur að hausti. Á þriðja ári færi hópurinn síðan út til Póllands og tæki þrjú ár þar. Auður Lilja mun leggja fram tillögur sínar upp úr áramótum og hún mun einnig taka saman lista yfir tæki og tól sem LBHÍ þyrfti að koma sér upp.

2. Framtíðarsýn og staða framkvæmda

Fundur var haldinn í ráðuneytinu þar sem ráðherra fór yfir ýmis mál s.s. þróun reiknilíkans háskólanna þar sem kallað var eftir tillögum frá háskólunum, þróun örnáms, breytingar á lögum um háskóla einkum er varðar háskólasamstæðu og inntökugjöld vegna nemenda utan EES. Óskað var eftir upplýsingum um frétt sem kom frá háskólaráðuneytinu nýverið um mögulega sameiningu LBHÍ við Keldur og HÍ. Svör ráðuneytisins voru að málið væri einungis á hugmyndastigi og engin vinna hefði farið fram í ráðuneytinu. Beðist var afsökunar á því að fréttin hefði farið í loftið án þess að málið hefði verið rætt við stjórnendur LBHÍ.

3. Vinnufundir með starfsfólki um framtíðarsýn

Vinnufundir með starfsfólki um framtíðarsýn verða haldnir á haustmánuðum. Reiknað er með að halda fundi í smærri hópum og draga niðurstöður saman á fundi með öllu starfsfólki í desember.

Rætt var um mötuneytið og þróun þess, en gæðin hafa þótt nokkuð sveiflukennd. Þá var einnig rætt hvort unnt væri að vera með aðra valkosti / afslætti fyrir nemendur.

4. **Samstarf við hagaðila - Unnsteinn Snorri Snorrason greinir frá**

Unnsteinn Snorri Snorrason hefur unnið að tillögum um aukið samstarf við hagaðila. Hann mun undirbúa fund með háskólaráði og stjórnun Samtaka bænda og afurðastöðva þar sem rætt verður um sameiginleg verkefni og hvernig aðilar geti veitti stuðning í báðar áttir. Brýnt er að fá forsvarsmenn landbúnaðarins í aukið samtal um þróun náms og rannsókna og einnig um verkefni sem unnin eru fyrir ráðuneytin. Markmiðið er að ná meiri slagkrafti með auknu samstarfi.

5. **Mál til kynningar**

- a. Alþjóðastarf – nýsköpun - umsóknir í Horizon – nokkrar umsóknir voru sendar í haust.
- b. Nýr fulltrúi starfsmanna í Öryggisnefnd er Egill Gunnarsson sem tekur við af Jóhannesi Kristjánssyni.
- c. Kickoff fundur LIFE-verkefnisins verður 22.-24. sept. nk. Sendiherra Evrópusambandsins Clara Ganslandt mætir á Hvanneyri og ávarpar fundinn 22/9.
- d. Fræðsluferð starfsmanna til Tékklands verður í mars 2026. Styrkur hefur verið veittur frá Erasmus+ og einnig verður sótt um styrk frá Starfsþróunarsjóði. Starfsmenn greiða sjálfir 25.000.